

Þjónustu- og öryggismælingar hjá Matís

Efnamælingar

Rannsóknastofa Matís starfar skv. ISO-17025 staðlinum og hefur faggildingu frá sænsku faggildingarstofunni Swedac fyrir 6 efnaaðferðir og 18 varnarefni.

Sýnin eru ýmiskonar matvæli (Kjöt, fiskur, ávextir, grænmeti, kornmeti og mjólkurvörur), fóður (fiskimjöl og lýsi) og vatnssýni



Varnarefni og þrávirk lífræn mengunarefni

Matís sér um að mæla um 50 mismunandi varnarefni (skordýraeitur og illgresiseyða) í ávöxtum og grænmeti fyrir Matvælastofnun sem er hinn lögbær eftirlitsaðili.

PCB mælingar eru gerðar með GC-ECD tækjabúnaði á fiski, olíum og ýmsum öðrum matvælum. Auk þess tekur Matís að sér í samvinnu við rannsóknarstofu erlendis mælingar á fleiri þrávirkum lífrænum efnum en hér eru nefnd s.s. Díoxínúm.



Efnasamsetning



Helstu mælingar eru prótein, fita, vatn, salt, aska, TVB-N. En að auki niðurbrotsefni próteina sk. biogenísk amín (histamín, tyramín putrescín cadaverín) í fiskimjöli og t.d. túnfiski og ýmsar aðrar mælingar að beiðni viðskiptavina. Algengustu sýnin eru kjöt, fiskur, fiskimjöl og ýmis matvæli.



Pungmálmar og önnur snefilefni



Matís hefur yfir að ráða fullkomnum massagreini (ICP-MS) og rannsóknastofu sem er sérhæfð til mælinga á ólífrænum snefilefnum. Þessi tækjakostur og aðstaða gerir Matís kleift að mæla greina snefilefni sem eru til staðar í mjög lágum styrk í sýnum, s.s. neysluvatni og matvælum. Matís getur boðið viðskiptavinum sínum upp á mælingar á öllum helstu snefilefnum í matvælum, vatni og fóðri s.s. blýi, kvikasilfri, arseni, seleni, kadmíni, járni og kopar.